

# Heimaverkefni – 2. kennslustund

---

Lestu frásagnir nokkurra annarra 9. bekkinga og svaraðu síðan spurningunum.

## **HEFURÐU EINHVERN TÍMA FREISTAST TIL AÐ GERA EITTHVAÐ BANNAÐ"?**

*Hrund:* – Ég man alveg eftir því þegar ég svindlaði fyrst í prófi. Ég vissi að nokkrir höfðu gert þetta og ég hafði ekki haft nægan tíma til að læra allt. Ég skrifaði nokkur atriði inn í lófann á mér. Ég man að mér leið eins og stórglæpamanni og ég svitnaði. Í raun var ég miklu stressaðri yfir því hvort það kæmist upp um mig heldur en hvernig ég myndi standa mig á prófinu.

*Helgi:* – Í vetur fór ég í útilegu og við strákarnir ákváðum að krúnuraka okkur. Mig langaði bara að gera eitthvað öðruvísi. Pabbi var ekkert allt of hrifinn! En maður vakti þó að minnsta kosti athygli í skólanum. Geðveikt fundið hvað sumir urðu hræddir við mig.

*Ingileif:* – Ég veit ekki hvort það sé freisting eða ekki. Ég borga oft 80 kr. í stað 130 kr. í strætó. Ég tími ekki að borga svona mikið en auðvitað er ég alveg með í magnum hvort bílstjórinn fatti að ég sé að svindla.

*Þórgrímur:* – Í fyrra fór ég með vinum mínum í bókabúð. Við vorum bara að skoða. Ég var í hettupeysunni minni og skopparabuxunum. Allt í einu stakk Gulla einhverju ofan í hettuna á peysunni minni. Ég varð alveg lamaður í hnjánunum. En Gulla sagði að það hefði enginn tekið eftir því. Mér leið eins og dópsmyglara þegar ég fór út um dyrnar. Gulla hafði stungið pennasetti í hettuna mína. Ég fæ ennþá í magann þegar ég kem inn í búðina. En hún Gulla .. æ ég veit ekki.

## **HVAÐ UM REYKINGAR? HEFURÐU FREISTAST TIL AÐ PRÓFA AÐ REYKJA?**

*María:* – Ég prófaði að reykja í fyrsta sinn þegar ég var 12 ára og var heima hjá mér með vinkonu minni. Mamma mín reykir og við stálum nokkrum sígarettum frá henni. Þakkinn lá á borðinu. Við vorum inni í stofu. Mamma var ekki heima. Við prófuðum vegna þess að okkur fannst það spennandi. Við stóðum fyrir framan spegilinn og horfðum á okkur reykja. Þetta var eiginlega svolítið hallærislegt. En samt þínulítið þægilegt að finna hvernig okkur svimaði. En svo varð okkur alveg ógeðslega flökurt...

*Pórir:* – Við mamma lentum í heiftarlegu rifrildi. Og þá reykti ég bara til að gera eitthvað sem ég veit að hún er á móti. Ég var á leiðinni út í sjoppu og um kvöldið reykti ég örugglega 3 sígarettur!

*Anna:* – Ég vann úti á landi í sumar. Þegar ég kom í bæinn voru eiginlega allar stelpurnar byrjaðar að reykja. Eitt kvöldið hittumst við allar út við verslunarmiðstöð. Ég veit ekki af hverju ég þáði sígarettu þegar Stína bauð mér, æ .. þær voru allar að reykja og ég var eitthvað svo asnaleg. Það var samt enginn að neyða mig til þess, enginn svona hópprýstingur, mig langaði bara til að vera með.



# Heimaverkefni - 2. kennslustund

---

## SVARAÐU ÞESSUM SPURNINGUM HREINSKILNISLEGA

Sé plássið of lítið fyrir hvert svar geturðu skrifað aftan á blaðið eða á annað blað.

1. Hefur það komið fyrir þig að freistast til að gera eitthvað sem þú veist að þú mátt ekki eða eitthvað sem er beinlínis bannað? Hvað var það?

---

Hvað fékk þig til þess, telur þú?

---

---

2. Hvað gefur það þér og/eða öðrum að gera eitthvað „óleyfilegt“?

---

---

3. Hvað annað (eitthvað leyfilegt) geturðu gert í sama tilgangi?

---

---

4. Hefurðu einhvern tíma freistast til að reykja eða langað til þess? Lýstu aðstæðunum! (Hvenær, hvar, með hverjum?)

---

---

5. Hvað var það við þessar aðstæður sem freistaði þín sérstaklega?

---

---

6. Hvernig brástu við freistingunni?

---

---

Dróstu einhvern lærdóm af þessu?

---

---

Hvernig hefðirðu getað brugðist öðruvísi við?

---

---

